

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 13. maí 2026 eftirfarandi:

*Arnarland, deiliskipulagsbreyting.*

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á ákvæðum í greinargerð deiliskipulags Arnarlands sen snýr til að mynda að svölum, salarhæð, hjólastæðum, þökum bygginga og frágangi lóða.

*Urriðaholtsstæri 3, deiliskipulagsbreyting.*

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á byggingarmagni í bílakjallara.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 4. júní 2026.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2026